

til hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda Odds yfirréttarmálfærslumanns Gíslasonar.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför eftir lögum.

Mánudaginn 5. októbermán.

Nr. 2/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn

Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri blaðsins »Þjóðviljinn« Skúli Thoroddsen gegn ábyrgðarmanni blaðsins »Vestri«, Kristjáni H. Jónssyni, út af ummælum í síðarnefudu blaði í nafnlausri grein með yfirskriftinni Bréf frá Hornströndum í 17. tölubl. I. árg. blaðsins, er út kom 1. marz 1902, en ummæli þessi taldi áfrýjandi meiðandi og móðgandi fyrir sig. Stefndi Kristján H. Jónsson höfðaði þá gagnsök gegn áfrýjanda út af meiðandi og móðgandi ummælum um sig og blaðið »Vestra« í 51. tölubl. Þjóðviljans, er út kom 21. des. 1901 í grein undirskrifadri af áfrýjanda með fyrirsögninni »Vestri og jarðeplatollurinn«. Var mál þetta dæmt í gestarétti Ísafjardarkaupstaðar 14. júlí f. á. með þeim úrslitum, að orðin »fals og undirferli« í fyrnefudri grein í »Vestra« voru dæmd dauð og ómerk og sömuleiðis þessi ummæli í umgetinni grein í »Þjóðviljanum«: »Þetta hermir

blaðið rétt, þótt kynlegt megi þykja« »kunna þeir ekki að skammast sín« »varpa fram jafn strákslegum getsökum«, »hnjóðsyrði og lygar þess blaðs«. En hegning fyrir meiðyrðin, sem talin voru saknæm samkvæmt 219. gr. alm. hegningarlaga, var látin falla niður að því er báða málsaðila snerti, samkvæmt 221. gr. hegningarlaganna, og voru þeir því dæmdir sýknir hvor af annars kröfum. Málskostnaður var og látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur í sektir eða fangelsi fyrir meiðandi og móðgandi ummæli þau um áfrýjanda, sem átalin eru í málinu, og orðin dæmd dauð og ómerk, og að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum gagnstefnandans fyrir undirréttinum. Svo hefir hann og krafist málskostnaðar fyrir báðum réttum hjá stefnda, eftir mati yfirdómsins.

Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur í öllum greinum og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Ummæli þau í fyrnefndri »Vestra«-grein (Bréf frá Hornströndum), sem átalin eru af áfrýjanda sem meiðandi og móðgandi fyrir hann eru þessi: »En við að bera kenning þína (o: »Vestra«) saman við kenningu »Þjóðviljans«, þá sé eg, að þetta hefir alt verið fals og undirferli til að narra út atkvæði hjá almenningi, og þingmensku sína hafa svo sumir þessir kompánar notað til að koma fram

óvildarhug sinum til einstakra manna og til að svala drotnunargirnd sinni«. — »En eg skil ekkert í honum Skúla mínum, sem áður prédikaði svo mikið um ættjarðarást og drenglyndi, að hann skuli taka svona óþverra upp í blaðið sitt«. En ummæli þau, sem stefndi gagnstefndi fyrir í héraði og standa í áðurnefndri grein í »Þjóðviljanum«, eru þessi: »Þetta hermir blaðið (o: Vestri) rétt, þótt kynlegt megi þykja«. »Kunna þeir ekki að skammast sín? Eða halda þeir að nokkur telji þeim fremd í því að varpa fram jafnstrákslegum getsökum?« »Eg veit, að öll hnjóðsyrði og lygar þess blads í minn garð«.

Í hinni átöldu »Vestra« grein (Bréfinu frá Hornströndum) kveðst bréfritarinn hafa heyrt talað um og »líka lesið í Þjóðviljanum«, að Skúli og þeir Valtýingar væru að reyna að ítvega landinu stjórnarbót, og hafi þeir (o: Hornstrendingar) tekið þetta alveg eftir orðunum, að það væri endurbót, sem gerði þjóðina sælli og lyfti henni á hærra menningarstig, og svo kemur klausan, sem átalin er: »En við að bera kenningu þína (o: Vestra) saman við kenningu Þjóðviljans sé eg, að þetta hefir alt verið fals og undirferli til að narra út atkvæði hjá almenningi« . . . Það verður nú ekki álitid, eins og áfrýjandinn vill halda fram, að með þessum orðum sé áfrýjanda sjálfum brugðið um fals og undirferli. Orðin eru höfð um það (þá kenning), er bréfritarinn hafi »líka lesið í Þjóðviljanum«, en það er ekki sagt, að áfrýjandinn sé höfundur þeirrar kenningar eða að hann hafi sýnt

sig í falsi og undirferli, þótt kenningin kæmi fram í blaði hans. Þar sem síðar segir, að *sumir* þessir kompánar hafi svo notað þingmensku sína o. s. frv., þá getur heldur ekki áfrýjandinn tekið þessi ummæli til sín; til þess eru orðin of óákveðin og óljós. — Það virðist aftur á móti verða að teljast saknæm móðguu fyrir áfrýjanda sem blaðstjóra, er sagt er, að hann hafi tekið »svona óþverra« í blað sitt, og ber að ómerkja þau orð og láta þau varða sekt samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna, og þykir hún hæfilega ákveðin 20 krónur, en til vara komi 5 daga einfalt fangelsi.

Að því er snertir ummæli þau í Þjóðviljanum, er stefndi hefir á talið sem ærumeidandi fyrir sig, þá eru þau og grein sú, er þau standa í, svar upp á grein í blaði stefnda »Vestra«, þar sem það er berlega gefið í skyn, að áfrýjandi muni eingöngu í hagnadarskyni fyrir sjálfan sig hafa flutt tillögu á alþingi um aðflutningsgjald af jarðeplum, og virðist þessi freklega meidandi aðdróttun um áfrýjanda sem alþingismann, sem stefndi hefir ekki borið við að réttlæta að neinu leyti, verða að skodast sem svo verulegt tilefni til hinna umstefndu ummæla, að, þó að þau að öðru leyti komi undir 219. gr. hegningarlaganna, þá eigi hegning fyrir þau að falla niður samkvæmt 221. gr. sömu laga. En hins vegar ber að fallast á það, að undirdómarinn hefir ómerkt ummæli þessi.

Um málskostnað á hinn áfrýjandi dómur að standa óraskaður, en í málskostnað fyrir yfir-

dómi þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Orðin: »að hann skuli taka svona óþverra upp í blað sitt« í greininni »Bréf frá Hornströndum« í umgetnu tölublaði »Vestra« eiga dauð og ómerk að vera, og ber stefnda Kristjáni H. Jónssyni að greiða í sekt til landssjóðs 20 krónur, en sæti 5 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi öll greidd innan ákveðins tíma. Um ómerking á nokkrum ummælum í 51. tölublaði »Þjóðviljans« 1901 og um málskostnað á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Stefndi greiði áfrýjanda Skúla Thoroddsen í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 3/1903:

Skúli Thoroddsen
gegn
Kristjáni H. Jónssyni.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði ritstjóri bladsins »Þjóðviljinn« Skúli Thoroddsen gegn ábyrgðarmanni bladsins »Vestri« Kristjáni H. Jónssyni út